

## Styrkur til ritunar meistaraþrófsritgerðar um áhrif hvata á gæði íþróttastarfs

Um langt árabíll hafa Rio Tinto á Íslandi og Hafnarfjarðarbær veitt styrki til eflingar íþróttastarfs yngri iðkenda íþróttafélaga í Hafnarfirði. Árið 2018 nam upphæðin samtals 20 milljónum króna sem Íþróttabandalag Hafnarfjarðar úthlutar. Við úthlutun styrkja er horft til fjölda iðkenda en einnig eru sérstakir hvatar fyrir hendi sem hvetja félögin til að efla menntun leiðbeinenda og stuðla að kynjajafnrétti.

Rio Tinto, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbær hafa áhuga á að láta rannsaka hver áhrif þessara styrkja og hvort innbyggðir hvatar samningsins séu að skila tilætluðum árangri.

Af hálfu styrkveitenda er ekki gerð sérstök krafa um tiltekna námsgrein sem ritgerðin er unnin í, en greinar eins og félagsfræði, heilsuhagfræði, íþróttufræði, lýðheilsufræði ættu að henta vel.

Styrkurinn er veittur til einstaklinga sem vinna að lokaverkefni til meistaranáms, að lágmarki 30ETCS einingar við íslenskan eða erlendan háskóla.

Styrkurinn nemur **500.000** krónum.

Styrkurinn er greiddur út í tvennu lagi. Helmingur er greiddur þegar rannsóknaráætlun verkefnisins hefur verið samþykkt af leiðbeinanda og lokagreiðsla fer fram þegar verkefninu hefur verið skilað og nemandi fengið einkunn og staðist.

Í umsókn um styrkinn skal eftirfarandi koma fram:

- Nafn, heimilisfang og tölvupóstfang umsækjanda.
- Tímaáætlun framvindu.
- Ferilskrá umsækjanda og samþykki leiðbeinanda fyrir rannsókninni sem lokaverkefni.

Gert er ráð fyrir að styrkveitendur fái kynningu á niðurstöðum rannsóknarinnar, prentuð eintök og heimild til að nýta sér og kynna niðurstöður hennar.

Styrkveitendur munu veita aðgang að gögnum og upplýsingum eins og kostur er til stuðnings rannsóknarinnar. Æskilegt er að verkefninu verði lokið á fyrri hluta ársins 2020.

Umsókn um styrkinn skal skilað á netfangið [ibh@hafnarfjordur.is](mailto:ibh@hafnarfjordur.is)

Nánari upplýsingar veita Bjarni Már Gylfason hjá Rio Tinto á Íslandi í síma 8541337 eða Elísabet Ólafsdóttir hjá Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar í síma 8482171.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2019